

um byggingarsjóð kaптúna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður kaптúna. Félagsmálaráðuneytið annast bókhald sjóðsins og fjárreiður samkvæmt fyrirællum sjóðstjórnar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að byggja íbúðarhús í kaптúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, og að taka fé að láni til starfsemi sinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur Byggingarsjóðs kaптúna eru :

1. Óendurkræft framlag ríkissjóðs, 400 þúsundir króna á ári.
2. Framlög sveitarsjóða og ríkissjóðs samkvæmt 10. gr.
3. Tekjur, sem sjóðurinn kann að hafa af starfsemi sinni.

5. gr.

Ríkissjóður lánar Byggingarsjóði kaптúna 10 milljónir króna á næstu tveim árum eftir gildistöku laga þessara. Skal helmingur þessarar upphæðar greiddur sjóðnum um leið og hann tekur til starfa. Lán þetta er vaxta- og afborgunarlaust í fimm ár, en endurgreiðist síðan á næstu 20 árum með jöfnum afborgunum og 5% ársvöxtum. Ríkisstjórninni er heimilt að taka jafnháa upphæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs.

6. gr.

Sjóðurinn veitir, eftir því sem honum endist fé til, efnalitlum mönnum, einkum fjölskyldumönnum, í kaптúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, lán til að koma upp íbúðum til eigin nota. Lánsupphæð til íbúðar má nema allt að kaupverði efnis, sem til byggingarinnar þarf.

7. gr.

Afborganir og vexti af lánum úr sjóðnum greiða lántakendur með jöfnum upphæðum árlega (árgreiðslum), þannig að lánin endurgreiðist að fullu á 20 árum. Sjóðstjórnin getur þó ákveðið að veita einstök lán til skemmri tíma. Ársvextir af lánunum skulu vera hinir sömu og hjá lánadeild smáíbúðarhúsa, sbr. lög nr. 36/1952.

8. gr.

Lán úr sjóðnum skulu tryggð með veði í íbúðum þeim, sem þau eru veitt til. Sé lán úr sjóðnum tryggt með síðari veðrétti, mega fyrri veðréttar lán eigi nema hærri upphæð samtals en því nemur, að þau ásamt láni úr sjóðnum fari ekki fram úr $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði íbúðarinnar eins og það er að dómi sjóðstjórnarinnar.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, skilvísu greiðslu lána þeirra, er sjóðurinn kann að taka til starfsemi sinnar, enda séu þau eigi tekin til skemmri tíma en 20 ára og með vöxtum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Ef $\frac{2}{3}$ hlutar sveitarstjórna í þeim hreppum, sem kaптún er í, samþykkja, getur félagsmálaráðherra ákveðið til fimm ára í senn, að hver þeirra hreppa skuli greiða í sjóðinn árlega allt að 5% álagðra útsvara í kaптúninu, og greiðir ríkissjóður þá jafnmikið á móti. Framlag þetta er óendurkræft og vaxtalaust. Hreppar, sem þess óska, skulu þá jafnframt vera undanþegnir gjaldi til byggingarsjóðs verkamanna, enda eiga þeir þá ekki rétt til lána úr þeim sjóði. Jafnframt eiga þeir rétt til endurgreiðslu fyrri framlaga, enda hafi þeir ekki notið lána úr sjóðnum.

11. gr.

Kaптún telst í þessum lögum þorp með minnst fimm fjölskyldur, sem hafa ekki svo mikið land til afnota, að talizt geti lögbýli.

12. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins setur félagsmálaráðherra með reglugerð. Skulu þar m. a. settar reglur til tryggingar því, að stærð íbúða, sem lán eru veitt til, fari ekki yfir tiltekið hámark.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Greinargerð.

Frumvarp um byggingarsjóð kauptúna var flutt á Alþingi 1952 og 1953. Íbúar þeirra kauptúna eða þorpa, sem frv. þetta tekur til, voru alls 18—19 þús. (18632) samkvæmt manntali 1953. Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna hefur hingað til komið kauptúnunum að litlu gagni, og hætt við, að svo verði fyrst um sinn. Sama er að segja um fé það, er veitt hefur verið bæjar- og sveitarfélögum til íbúðabygginga. Fé þetta hefur að mestu lent í kaupstöðunum, þar sem fjölmennið er mest. Það er og kunnugt, að af veðdeild Landsbankans hafa fámenn kauptún lítills góðs notið, enda hefur hún lengi verið févana. Starfsemi lánadeildar smábúðarhúsa, er stofnuð var með lögum 1952, hefur hins vegar hjálpað mörgum kauptúnafjölskyldum til að koma sér upp íbúðum undanfarin ár og markar að því leyti tímamót á þessu sviði. Flm. telja samt heppilegast að setja á fót sérstaka byggingarlánastofnun fyrir þorpin og freista þess að efla hana til sjálfstæðrar starfsemi, eftir því sem föng eru á. Ef vinna skal að því á komandi árum að viðhalda og efla jafnvægi í byggð landsins, verður ekki hjá því komizt að gera sérstakar ráðstafanir til að auka byggð í þorpunum viðs vegar um land, en íbúatala margra þeirra stendur nú í stað eða fer jafnvel hækkandi. Ef komið væri upp sérstakri byggingarlánastofnun fyrir þorpin, sem miðuð væri við þeirra séraðstöðu og sérþarfir, væri þar með áreiðanlega stigið stórt spor í jafnvægisátt.

Ýmis rök eru til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kauptúnum eða þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Flest þeirra eru í öndverðu mestmegnis byggð upp af vanefnum af fátækum fjölskyldumönnum. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir stutta dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpunum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt þangað. Í sjávarþorpum eru þó víða mjög sémileg afkomuskilyrði til sjós og lands og ekki óhugsandi, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um. Vonandi verður þess heldur ekki mjög langt að bíða, að þorpin velflest eða öll eigi kost nægrar raforku með viðunandi verði til heimilisnota og atvinnurekstrar og bæti þannig afkomumöguleika sína.

Ekki þykir ástæða til þess að svo stöddu að kveða nánar á um starfsemi sjóðsins en gert er í frv. þessu. Þykir rétt, að ráðherra og stjórn sjóðsins hafi frjálssar hendur til að ákveða nánar en hér er gert skilyrði fyrir lánum, hámarksupphæðir lána o. fl., eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Gert er ráð fyrir, að lánskjör verði svipuð og í lánadeild smábúða, sem stofnuð var með lögum 1952.

Gert er ráð fyrir (sbr. 5. gr.), að rikissjóður láni Byggingarsjóði 10 millj. kr. sem stofnfé, sem endurgreiðist á 25 árum, en á sama tíma yrðu ríkisframlög til sjóðsins samtals 10 millj. kr. samkv. 4. gr.

Fr. v. þetta tekur ekki til kauptúna, sem hafa fleiri en 1000 íbúa, enda má gera ráð fyrir, að aðrar lánsstofnanir veiti lán til íbúða á þeim stöðum, og hlutur þeirra í engu skertur, þótt frv. verði að lögum.

Til skýringar 10. gr. skal þess getið, að samanlögð útsvör í þeim hreppum, er frv. þetta tekur til, voru 13.8 millj. kr. samkvæmt síðustu tölum hagstofunnar um það efni.

Fylgiskjal.

Mannfjöldi í árslok 1953 í 51 kaptúni, sem frv. þetta tekur til
(samkvæmt bráðabirgðaskýrslum hagstofunnar):

Kauptún (og þorp)	Íbúafjöldi
Grindavík	583
Sandgerði	739
Borgarnes	773
Hellissandur	328
Ólafsvík	532
Grafarnes í Grundarfirði	246
Stykkishólmur	865
Búðardalur	81
Flatey á Breiðafirði	118
Patreksfjörður	862
Bíldudalur	379
Þingeyri	322
Flateyri	492
Suðureyri í Súgandafirði	348
Bolungavík	677
Hnífsdalur	283
Súðavík	216
Djúpavík	53
Drangsnes	208
Hólmavík	402
Hvammstangi	301
Blönduós	480
Höfðakaupstaður	591
Hofsós	301
Dalvík	789
Hrísey	324
Hjalteyri	116
Glerárþorp	531
Svalbarðseyri	67
Grenivík	125
Flatey á Skjálfanda	122
Kópasker	87
Raufarhöfn	391
Þórshöfn	409
Höfn í Bakkafirði	68
Vopnafjörður	311
Bakkagerði í Borgarfirði	171
Egilsstaðir	147
Eskifjörður	701
Búðareyri í Reyðarfirði	429
Búðir í Fáskrúðsfirði	587
Kirkjubólþorp í Stöðvarfirði	160
Breiðdalsvík	84
Djúpivogur	309
Höfn í Hornafirði	458
Vík í Mýrdal	325
Hvolsvöllur	117
Hella	123
Stokkseyri	418
Eyrarbakki	520
Hveragerði	563